BÖRN OG NETMIÐLAR

NEKTARMYNDIR OG ÁHORF Á KLÁM



4. HLUTI 2025

Netvis
Netöryggismiðstöð Íslands

FJÖLMIÐLANEFND

MENNTAVÍSINDASTOFNUN

BÖRN OG NETMIÐLAR

4. hluti - Nektarmyndir og áhorf á klám

Nóvember 2026
Fjölmiðlanefnd & Netvís - Netöryggismiðstöð Íslands
Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir
Umsjón: Skúli Bragi Geirdal

ISBN: 978-9935-468-50-5
https://doi.org/10.33112/FPQZ1038
Mynd á forsíðu: Adobe Stock Image 286716983

ins@fe INHOPE Better Internet for Kids Samfjármagnað af Evrópusambandinu

EFNISYFIRLIT

1. NEKTARMYNDIR


Mynd 1.1. Hlutfall sem hefur fengið senda nektarmynd (t.d. typpamynd). 9
Mynd 1.2. Hver hefur sent þér nektarmyndir? 10
Tafla 1.1. Hvar á netinu hittir þú fyrst þessa ókunnugu manneskju sem sendi þér nektarmynd? 11
Mynd 1.3. Hlutfall ungmenna sem hafa verið beðin um að senda af sér nektarmyndir. 11
Mynd 1.4. Hver hefur beðið þig um nektarmynd af þér? 12
Tafla 1.2. Hvar rakst þú fyrst á ókunnuga einstaklinginn sem bað þig um nektarmynd? 13
Mynd 1.5. Hefur þú sent eða deilt nektarmynd af þér undanfarið ár? 14
Mynd 1.6. Hefur þú sent eða deilt nektarmynd/myndbandi af öðrum en þér undanfarið ár? 14

2. KLÁMÁHORF

Mynd 2.1. Hefur þú horft á klám á netinu? 15
Mynd 2.2. Hversu oft horfir þú á klám á netinu? 15
Mynd 2.3. Síðast þegar þú horfðir á klám á netinu, hvernig kom það til? 16
Mynd 2.4. Síðast þegar þú horfðir á klám á netinu, hvernig upplifðir þú það? 17
Mynd 2.5. Hefur þú séð auglýsingu um klám á netinu? 18
Mynd 2.6. Hvar á netinu hefur þú séð auglýsingar um klám? 18
Mynd 2.7. Hvar á netinu hefur þú horft a klám? 19


HELSTU NIÐURSTÖÐUR






Fengið senda nektarmynd

Færri þátttakendur segjast hafa fengið sendar nektarmyndir (eða typpamyndir) en í síðustu tveimur fyrirlögnum. Ekki var spurt áður um reynslu 7. bekkinga.




Sendendur nektarmynda

Flest sem hafa fengið sendar nektarmyndir hafa fengið myndirnar frá ókunnugum einstaklingum á netinu. Næst algengast er að myndirnar komi frá kærasta/kærustu.



Horft á klám á netinu

Áhorf á klám meðal ungmenna hefur dregist verulega saman frá 2021. Ekki eru merki þess að klámáhorf sé að færast niður í yngri aldurshópa.



Hve oft horft á klám

Flest þeirra sem hafa horft á klám horfa á klámið sjaldnar en einu sinni í viku. Tíðni áhorfs er ekki meiri í framhaldsskóla en meðal nemenda á unglingastigi grunnskóla.

INNGANGSORÐ

Á síðasta ári var Netvís, Netöryggismiðstöð Íslands (e. Safer Internet Centre) sett á laggirnar sem sérstakt lögbundið verkefni Fjölmiðlanefndar, en Netvís er ætlað að halda utan um rannsóknir, fræðslu og upplýsingamiðlun um félagslegt netöryggi, m.a. fyrir börn og ungmenni, foreldra og fagfólk. Til þess að sinna þessu verkefni hefur Fjölmiðlanefnd hlotið styrk úr Digital Europe styrktaráætlun Evrópusambandsins til næstu þriggja ára. Markmið áætlunarinnar er að auka fræðslu og vinna að vitundarvakningu um bæði tækifæri og áskoranir netsins fyrir börn og ungmenni í ríkjum Evrópu.

Ljóst er að stefna stjórnvalda um miðla- og upplýsingalæsi og félagslegt netöryggi barna og ungmenna þarf að byggja á áreiðanlegum gögnum og þekkingu á því hvernig þau nota netið og upplifa sig þar. Þá þarf fræðsluefni um miðla- og upplýsingalæsi og félagslegt netöryggi að byggja á gögnum þar sem hægt er að meta árangur af fræðslu og sjá þróunina aftur í tímann. Slík fræðsla getur aldrei orðið markviss sé hún byggð á tilgátum, almennum áhyggjum eða umræðu sem mótast fyrst og fremst af einstökum atvikum sem eru til umræðu í samfélaginu hverju sinni. Bæði stefnumótun og fræðsla þarf að taka mið af raunverulegri reynslu barna og ungmenna, þeim miðlum sem þau nota, samskiptamynstri þeirra og þeim áskorunum sem þau telja skipta mestu máli í daglegu lífi. Rannsóknin Börn og netmiðlar er grunnurinn að slíku starfi.

Rannsóknin Börn og netmiðlar miðar að því að byggja upp þekkingu á stafrænu lífi barna og ungmenna á Íslandi. Þetta er í þriðja sinn sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands hefur unnið slíka rannsókn upp úr spurningalistum sem lagðir eru fyrir börn og ungmenni hér á landi. Rannsóknin var fyrst gerð árið 2021, endurtekin 2023 og nú eru birtar niðurstöður rannsóknargagna sem safnað var árið 2025. Þetta samstarf Menntavísindastofnunar og Fjölmiðlanefndar hefur verið einstaklega farsælt frá upphafi.

Fyrir börn og ungmenni er netið ekki sérstakur heimur sem er aðskilinn frá daglegu lífi. Börn eiga í samskiptum á netinu, það er vettvangur fyrir leiki, nám, upplýsingaleit, sköpun og þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu. Þannig er stafrænt umhverfi órjúfanlegur hluti af daglegu lífi barna. Það er líka sú nálgun sem endurspeglast í almennri athugasemd Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 25 um réttindi barna í stafrænu umhverfi. Þar er lögð áhersla á að réttindi barna gildi jafnt á netinu sem utan þess. Þannig hverfur ekki réttur barna til verndar, þátttöku, friðhelgi einkalífs og upplýsinga þegar samskiptin færast yfir á netið.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna ýmsar breytingar á milli ára. Í niðurstöðum má bæði merkja jákvæðar breytingar en jafnframt allnokkrar áskoranir. Sem dæmi hefur heldur dregið úr farsímaeign meðal yngri grunnskólanema og færri börn

segja foreldra sína aðstoða þau við að stofna aðgang að samfélagsmiðlum. Þá hefur meirihluti ungmenna fengið fræðslu um örugga netnotkun. Á sama tíma hefur þeim ungmennum sem sjá hatursorðræðu á netinu fjölgað og fleiri ungmenni sjá umræðu um sölu áfengis á netinu. Með hækkandi aldri fjölgar einnig vinabeiðnum frá einstaklingum sem þykjast vera aðrir en þeir eru.

Til að stuðla að félagslegu netöryggi barna þarf samstillta vinnu margra ólíkra aðila; foreldra, skóla, allra þeirra fjölmörgu aðila sem vinna í íþrótta- og tómstundastarfi, stjórnvalda auk tæknifyrirtækja. Það er mikilvægt að líta ekki á félagslegt netöryggi sem átaksverkefni, heldur er um að ræða viðfangsefni sem þarf sífellt að viðhalda, þróa og betrumbæta eftir því sem tækninni vindur fram og notkunin breytist. Jafnframt þarf að huga að því að fræðsluefni byggt á rannsóknum sé aðgengilegt ólíkum aldurshópum sem þurfa að fá fræðslu með reglubundnum hætti.

Vonandi verður rannsóknin góður grunnur fyrir framtíðar stefnumótun, áframhaldandi rannsóknir og fræðslu um félagslegt netöryggi barna sem tekur mið af reynsluheimi íslenskra barna og ungmenna á netinu.

ELFA ÝR GYLFADÓTTIR

Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar

FRAMKVÆMD

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára um land allt. Alls tóku 7.677 nemendur þátt, þar af voru 5.234 grunnskólanemar í 4. – 10. bekk og 2.443 framhaldsskólanemar.

Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti á skólastigunum tveimur. Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir í öllum landshlutum. Heimild var fengin hjá skólaskrifstofum viðkomandi sveitarfélaga til að hafa samband við skólastjóra innan umdæma þeirra. Grunnskólar sem tóku þátt voru 59 af 61 boðaðra skóla.

Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og þeim gefinn kostur á að hafna þátttöku. Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund eftir settum verklagsreglum. Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskóla var að nokkru leyti frábrugðin. Haft var samband við 32 framhaldsskóla á landinu öllu og samþykktu 23 þeirra þátttöku. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri. Netpóstur með fræðslu um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur í gegnum skólana til allra nemenda sem voru 18 ára eða yngri og ekki höfðu hafnað þátttöku. Skólarnir sendu út tvær ítrekanir til mögulegra þátttakenda.

Allir nemendur voru upplýstir um að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. Einnig var þeim greint frá að engra persónuupplýsinga væri aflað. Þátttakendur gátu valið að svara á íslensku, ensku eða pólsku. Jafnaframt var hægt að hlusta á upplestur spurninganna.

Spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu fyrir alla aldurshópa. Stysta útgáfan var fyrir nemendur í 4. bekk, en lengri listi var ætlaður nemendum í 5. – 7. bekk. Nemendur á unglingastigi (8. – 10. bekk) og í framhaldsskólum fengu spurningalista með fleiri efnisflokkum. Tímabil fyrirlagnar var frá miðjum september og fram í miðjan nóvember 2025. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði, en fyrir framhaldskólanema var vigtað eftir kyni, aldri og landssvæði.

ÞÁTTTAKENDUR

Í töflunum á þessari síðu má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins möguleiki að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

	Strákar		Stelpur		Stálp		Vill ekki svara	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
4. bekkur	353	48,6	345	47,5	7	1,0	21	2,9
5. bekkur	394	50,8	356	45,9	6	0,8	20	2,6
6. bekkur	383	46,6	414	50,4	8	1,0	17	2,1
7. bekkur	356	45,3	412	52,4	9	1,1	9	1,1
8. bekkur	350	49,1	354	49,6	3	0,4	6	0,8
9. bekkur	338	51,7	298	45,6	8	1,2	10	1,5
10. bekkur	378	49,9	357	47,2	10	1,3	12	1,6
Framhaldsskóli	966	39,5	1393	57,0	47	1,9	37	1,5
Samtals	3518	45,8	3929	51,2	98	1,3	132	1,7


ÞAKKIR

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólunum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið. Skólameisturum framhaldsskólanna þökkum við fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.

1. NEKTARMYNDIR

Ekki þótti æskilegt að beina spurningum um móttöku nektarmynda og klámáhorf beint að yngstu þátttakendum könnunarinnar, og voru þau því ekki látin svara spurningum um þetta viðkvæma efni. Slíkt getur vakið óþarfa athygli á efni sem þau hefðu ella ekki íhugað. Viðmiðun rannsóknarinnar er því að spyrja almennt ekki yngri börn en í 8. bekk um þessi málefni. Hins vegar eru jafnan uppi raddir um að enn yngri börn geti bæði móttekið og fengið beiðnir um að senda nektarmyndir eða orðið fyrir áhrifum af óæskilegu klámáhorfi. Af þeim sökum var ákveðið að leggja fáar og einfaldar spurningar fyrir börn í 7. bekk til þess að fylgjast með hvort skaðlegt efni sé að færast niður í yngri aldurshópa án þess að ganga lengra en nauðsynlegt er.

Mynd 1.1. Hlutfall sem hefur fengið senda nektarmynd (t.d. typpamynd).




Niðurstöðurnar á mynd 1.1 sýna að mjög fáir nemendur í 7. bekk hafa fengið senda nektarmynd, 1% stráka og 2% stelpna. Í 8. – 10. bekk hækka hlutföllin í 10% hjá strákum og 19% hjá stelpum. Í framhaldsskóla er þetta orðið mun algengara þar sem 23% stráka og 45% stelpna hafa móttekið slíkar sendingar.

Samantekið sést að nektarmyndir eru sendar oftar eftir því sem nemendur eldast og hlutfallið sem fær slíkar sendingar er á öllum aldursskeiðum hærra hjá stelpum en strákum. Móttaka nektarmynda meðal barna í 7. bekk er afar fátíð.

Mynd 1.2 sýnir helstu svör við því hverjir eru sendendur nektarmynda sem ungmennin hafa móttekið. Í 8. – 10. bekk eru það fyrst og fremst ókunnugir einstaklingar á netinu sem senda nektarmyndir til 49% stráka og 52% stelpna sem hafa fengið nektarmyndir sendar. Næst algengast er að myndirnar komi frá kærasta eða kærustu (13 – 15%). Álíka fjöldi segist hafa fengið myndir sem vinir sem eru strákar hafa sent, 16% stráka og 13% stelpna nefna það. Hlutfallið er mun lægra sem nefnir að vinir sem eru stelpur séu sendendur. Einhver annar, nefna 18% stráka og 17% stelpna. Hlutfall þeirra sem vilja ekki segja er 9% stráka og 7% stelpna.

Mynd 1.2. Hver hefur sent þér nektarmyndir?

Birtingarskilyrði: Að hafa fengið senda nektarmynd.
Fjölvalsspurning




Í framhaldsskóla er svipað mynstur. Ókunnug manneskja af netinu er algengasti sendandinn hjá 34% strákum og 70% stelpum sem hafa fengið sendar nektarmyndir. Næst kemur kærasti eða kærasta, sem 43% stráka og 20% stelpna nefna. Vinur sem er strákur nefna 14% stráka og 16% stelpna. Fimmti algengasti liðurinn í þessum aldurshópi er „manneskja sem ég þekki af netinu/stefnumótasíðu", nefnd af 14% stráka og 19% stelpna.

Tafla 1.1 á næstu síðu sýnir að í 8. – 10. bekk eru nektarmyndir langoftast sendar frá einhverjum sem móttakendur nektamyndanna hafa tengst í gegnum Snapchat, eða 60% stráka sem hafa fengið nektarmyndir og 83% stelpna. Discord er einnig algengur vettvangur hjá strákum í þessum aldurshópi, þar sem 17% nefna hann en engar stelpur nefndu Discord. Í framhaldsskóla er Snapchat einnig algengasti miðillinn fyrir slíkar sendingar, 56% stráka og 85% stelpna. Instagram og aðrir miðlar eru með lægri hlutföll.

Tafla 1.1. Hvar á netinu hittir þú fyrst þessa ókunnugu manneskju sem sendi þér nektarmynd?

Birtingarskilyrði. Að hafa fengið senda nektarmynd.

	8.-10. bekkur		Framhaldsskóli	
	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)
Snapchat	60	83	56	85
Discord	17	0	16	0
Vil ekki segja	3	7	14	4
Annað	3	5	7	5
Í gegnum tölvuleik á netinu	7			1
TikTok	1	2	4	
WhatsApp	4			0
Instagram		2		4
Facebook / Facebook Messenger	4		2	
Reddit	1			




Heilt yfir má sjá að Snapchat er lang algengasti vettvangurinn sem börnin tengjast sendendum nektarmynda, sérstaklega hjá stelpum. Einnig er Discord notað af ókunnugum til að tengjast strákum og senda þeim nektarmyndir.

Hér til hliðar má sjá orðrétt opin svör um aðra staði sem svarendur höfðu rekist á þessa ókunnu einstaklinga. Fjöldi þeirra sem fyllti út opna svarið var 25.

Hlutfall nemenda í 7. bekk sem hafa fengið beiðni um að senda nektarmynd af sér er 1% meðal stráka og 4% stelpna, sjá mynd 1.3. Í 8. – 10. bekk hækka hlutföllin í 9% hjá strákum og 21% hjá stelpum. Í framhaldsskóla verður þetta mun algengara, þar sem 19% stráka og 46% stelpna segjast hafa verið beðin um nektarmynd. Því verða slíkar beiðnir tíðari með aldri og stelpur fá beiðni um nektarmyndir mun oftar en strákar á öllum aldursstigum.

Mynd 1.3. Hlutfall ungmenna sem hafa verið beðin um að senda af sér nektarmyndir.


Birting: Allir í 7. bekk og eldri



Í 8. – 10. bekk er algengast að fá beiðni um nektarmyndir frá ókunnugum einstaklingum á netinu, en 44% stráka og 54% stelpna sem hafa fengið beiðni um að senda af sér nektarmyndir fengu beiðnina frá ókunnugum, mynd 1.4. Næst algengast meðal strákanna er að fá beiðni frá vinum sem eru strákar (21%), en 17% stelpnanna fengu beiðnina frá vini sem er stelpa. Þá fengu 13% stráka og 11% stelpna beiðnina frá kærasta/kærustu. Nokkur munur er milli stráka og stelpna varðandi beiðnir frá einstaklingum sem nemendur þekkja af netinu eða stefnumótasíðu, 5% stráka og 14% stelpna höfðu fengið beiðnina þaðan.

Mynd 1.4. Hver hefur beðið þig um nektarmynd af þér?

Birtingarskilyrði: Að hafa fengið beiðni um nektarmynd.
Fjölvalsspurning



Í framhaldsskóla er munurinn milli stráka og stelpna enn skýrari. Ókunnugir eru algengasti hópurinn sem biður um nektarmynd, 31% strákanna og 70% stelpnanna nefna það. Næst kemur kærasti eða kærasta, nefnt af 43% stráka og 17% stelpna. Vinur sem er strákur er þriðja algengasta svarið hjá 14% stráka og 19% stelpna. Einstaklingur sem nemendur þekkja af netinu eða stefnumótaforriti er í fjórða sæti hjá 14% stráka og 25% stelpna.

Samantekið sést að ókunnugir einstaklingar á netinu eru langalgengustu beiðendur um myndir í báðum aldurshópum og hlutföllin eru áberandi hærri hjá stelpum en strákum.

Tafla 1.2 sýnir að langflestir nemendur rákust á þá ókunnugu einstaklinga sem báðu þau um nektarmyndir á Snapchat, bæði í 8. – 10. bekk og í framhaldsskóla og þetta á enn frekar við um stelpur. Discord er næstalgengasti staðurinn hjá strákum á báðum skólastigum. Í 8. – 10. bekk voru rúm 10 – 13% sem ekki vildu svara en heldur færri í framhaldsskóla, 4 8%. Nokkrir aðrir samskiptavefir nefndir sem svarmöguleikar, en mun færri þátttakendur völdu þá kosti eða færri en 10%.

Tafla 1.2. Hvar rakst þú fyrst á ókunnuga einstaklinginn sem bað þig um nektarmynd?

Birtingarskilyrði: Að hafa fengið beiðni um að senda af sér nektarmynd.

Birting: Allir í 8. bekk og eldri

	8.-10. bekkur		Framhaldsskóli	
	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)
Snapchat	58	76	58	83
Discord	15	4	12	2
Vil ekki svara	10	11	8	4
Annað	7	6	9	5
WhatsApp	5			
Twitter	5		3	
Instagram				4
TikTok	1	3	3	0
Facebook / Facebook Messenger		1	3	
Stefnumótasíður eða öpp			3	2
Í gegnum tölvuleik á netinu		0	3	


„Annað“ var næstalgengasti valkosturinn þegar spurt var um hvar svarendur rákust á ókunnuga einstaklinginn. Hér að neðan má sjá opin svör beggja skólastiga en þau voru 28 í heildina. Svörin eru sýnd eins og þátttakendur rituðu þau.



Niðurstöðurnar sýna að mjög fáir í 8. – 10. bekk hafa sent nektarmynd af sér síðastliðið ár, sjá mynd 1.5, þar sem 3% stráka og 2% stelpna segjast hafa sent slíka mynd. Í framhaldsskóla fjölgar bæði strákum og stelpum sem hafa sent af sér nektarmynd í 10%. Langflestir hafa ekki sent nektarmyndir af sér, eða 79% stráka og 82% stelpna. Myndin sýnir þannig að það er fyrst og fremst í framhaldsskóla sem sending nektarmynda verður algengari, þó enn aðeins meðal lítils hluta nemenda.

Mynd 1.5. Hefur þú sent eða deilt nektarmynd af þér undanfarið ár?


Birtingarskilyrði: Allir í 8. bekk og eldri



Við spurðum einnig hvort þátttakendur sem höfðu sent nektarmynd af sér hefðu fengið einhverjar greiðslur fyrir það. Niðurstöðurnar sýna að 1% allra ungmenna sagðist hafa þegið greiðslu í formi peninga eða gjafa. Bent er á að innan gagnasafnsins geta leynst glenssvör sem gætu skekkt þessar niðurstöður að einhverju marki.

Mynd 1.6. Hefur þú sent eða deilt nektarmynd/myndbandi af öðrum en þér undanfarið ár?

Birtingarskilyrði: Allir í 7. bekk og eldri




Hlutfall ungmenna sem hafði deilt nektarmyndum af öðrum en sjálfum sér undanfarið ár var 1 - 3%, mynd 1.6. Hæst var hlutfallið meðal stráka á unglingastigi og í framhaldsskóla, en þó aðeins 3%.

2. KLÁMÁHORF

Fáir strákar í 7. bekk (3%) segjast hafa horft á klám á netinu, sjá mynd 2.1. Hlutfall stráka í 7. bekk sem ekki horfir á klám er 87% og 10% voru ekki viss. Í 8. – 10. bekk horfa fleiri á klám, en þar segjast 21% stráka hafa horft en 61% höfðu ekki horft á klám. Í framhaldsskóla eykst áhorfið enn meðal stráka, 62% segja að þeir hafi horft á klám en 22% ekki. Hjá stelpum í 7. bekk er áhorf minnst (2%) en 88% svöruðu neitandi um klámáhorf. Meðal stelpna í 8. – 10. bekk svöruðu 8% játandi að hafa horft á klám á netinu en 84% stelpna höfðu ekki horft. Í framhaldsskóla eykst áhorf aðeins þar sem 25% stelpna hafa horft á klám á netinu en 67% ekki.

Mynd 2.1. Hefur þú horft á klám á netinu?


Birting: Allir í 7. bekk og eldri



Aðeins þau sem horft höfðu á klám fengu spurninguna um hversu oft þau horfðu á klámið, mynd 2.2. Í 8. – 10. bekk horfa 10% stráka á klám daglega, 18% horfa 2 – 6 sinnum í viku og 14% einu sinni í viku, meirihlutinn eða 59% horfir sjaldnar en einu sinni í viku.

Mynd 2.2. Hversu oft horfir þú á klám á netinu?

Birtingarskilyrði:Að hafa horft á klám



Í framhaldsskóla horfa 11% strákanna á hverjum degi, 27% 2 – 6 sinnum í viku og 18% einu sinni í viku, en 44% sjaldnar en einu sinni í viku.

Hjá stelpum í 8. – 10. bekk sem hafa horft á klám horfa 6% á hverjum degi, 14% 2 – 6 sinnum í viku og 16% einu sinni í viku, en 64% horfa sjaldnar en einu sinni í viku. Í framhaldsskóla horfa 2% þeirra sem horfa á klám á það á hverjum degi, 8% 2 – 6 sinnum í viku, 4% einu sinni í viku og 85% sjaldnar en einu sinni í viku.


Spurt var um hvers vegna þátttakendurnir höfðu horft á klám, sjá mynd 2.3. Í 7. bekk segja flestir af þeim fáu þátttakendum sem höfðu horft á klám að þeir hafi leitað eftir kláminu, 43% stráka og 30% stelpnanna. Næstflestir muna ekki ástæðuna, 49% stráka og 39% stelpna. Þá hafa nærri ein af hverjum fimm stelpum í sjöunda bekk sem höfðu horft á klám séð það vegna auglýsinga.

Í 8. – 10. bekk leituðu 42% stráka og 39% stelpna sjálf að kláminu en 26% stráka og 21% stelpna muna ekki ástæðuna. Vinur eða vinkona sýndi efnið meðal 12% stráka og 16% stelpna en 5% stráka og 16% stelpna sáu klámið á samfélagsmiðlum.

Í framhaldsskóla leituðu 66% strákanna og 57% stelpnanna sem horft höfðu á klám, markvisst að kláminu. Þá muna 15% stráka og 13% stelpna ekki ástæðuna. Litlum hluta var bent á klámið af vini eða vinkonu, 3% stráka og 6% stelpna. Þá sögðu 5% stráka og 9% stelpna klámið hafa komið upp á samfélagsmiðlum.

Mynd 2.3. Síðast þegar þú horfðir á klám á netinu, hvernig kom það til?

Birtingarskilyrði: Allir í 7. bekk og eldri sem höfðu horft á klám á netinu



Samantekið sögðu flestir strákar og stelpur í öllum aldurshópum að þau hafi síðast horft á efnið vegna þess að þau leituðu eftir klámi. Næstflestir muna ekki af hverju þau fóru að horfa á klámið.


Viðhorf ungmenna til þess að horfa á klám á netinu eru nokkuð breytileg eftir kyni og aldurshópum, mynd 2.4. Jákvæð eða spennuleitandi viðbrögð eru algengari meðal stráka, þar sem 38% stráka í 8.–10. bekk og 47% stráka í framhaldsskóla segjast hafa annaðhvort líkað áhorfið eða fundist það spennandi. Hjá stelpum eru þessi hlutföll lægri, eða 30% í 8.–10. bekk og 34% í framhaldsskóla.

Neikvæð viðbrögð, að upplifa áhorfið sem óþægilegt eða ógeðslegt, eru mun algengari meðal stelpna en stráka. Í 8.–10. bekk segjast 24% stelpna hafa fundist áhorfið óþægilegt eða ógeðslegt. Hlutfallið hækkar lítillega í framhaldsskóla, upp í 26%. Meðal stráka eru þessi viðbrögð mun sjaldgæfari, eða 11% í 8. – 10. bekk og 9% í framhaldsskóla.

Í stuttu máli má segja að strákar séu líklegri til að upplifa áhorf á netklám sem eitthvað sem þeim líkar eða finnst spennandi, en stelpur séu miklu líklegri til að upplifa það neikvætt. Þetta bendir til mismunar í viðhorfum til kláms á netinu milli stáka og stelpna þó svo að um fjórðungur beggja kynja hefði staðið á sama um áhorfið.

Mynd 2.4. Síðast þegar þú horfðir á klám á netinu, hvernig upplifðir þú það?

Birtingarskilyrði: Að hafa horft á klám á netinu




„ÉG VAR FYRST GLAÐUR OG SPENNTUR EN SÍÐAN LEIÐUR OG REIÐUR,“

„UM LEIÐ OG ÞAÐ VAR BÚIÐ LEIÐ MÉR EKKI VEL “

Spurt var hvort ungmennin hefðu séð auglýsingu um klám á netinu, sjá mynd 2.5. Unglingar eru líklegri til að hafa séð auglýsingu á netinu eftir því sem þeir eldast. Í 7. bekk hafa tiltölulega fáir séð slíkar auglýsingar (7 – 10%) , en í 8. – 10. bekk fjölgar þeim verulega (24 – 34%). Í framhaldsskóla hefur meirihluti stráka og stelpna (57 – 60%) séð klámauglýsingu á netinu.

Mynd 2.5. Hefur þú séð auglýsingu um klám á netinu?


Birting: Allir í 7. bekk og eldri



Þau sem höfðu séð auglýsingar um klám á netinu voru spurð nánar um hvar þau höfðu séð aulýsingarnar, sjá mynd 2.6. Í 8. – 10. bekk eru fimm algegustu staðir ólöglegar streymissíður, TikTok, Google, Instagram og valkosturinn „Man það ekki". TikTok er mjög áberandi, sérstaklega hjá stelpum, 46% samanborið við 36% hjá strákum.

Mynd 2.6. Hvar á netinu hefur þú séð auglýsingar um klám?

Birtingarskilyrði: Að hafa séð klámauglýsingu á netinu.
Fjölvalsspurning



Í framhaldsskóla eru fimm algengustu staðirnir, ólöglegar streymissíður, TikTok, Google, Instagram og YouTube. Flestir strákar (54%) og stelpur (44%) nefna ólöglegar streymissíður.


Það er vert að draga fram að Snapchat er mikið notað af ungmennum, en þrátt fyrir það benda niðurstöður ekki til þess að Snapchat sé hlutfallslega stór uppspretta klámauglýsinga. Í báðum aldurshópum eru tölurnar á bilinu 11 – 16% sem er mun lægra en hjá TikTok sem er svipað mikið notað af börnum og ungu fólki.

Valkostirnir, „Á öðrum samfélagsmiðlum" og „Engum af þessum stöðum", var sleppt á myndinni þar sem svo fáir völdu þá kosti, 2 – 8%.

Mynd 2.7 sýnir þá staði þar sem ungmenni horfa á klám. Algengasti valkosturinn er á sérstökum klámsíðum bæði í 8. – 10. bekk og í framhaldsskóla, þar sem hlutföllin eru 41 – 42% hjá yngri hópnum og 60% hjá framhaldsskólanemum. Nokkur munur kemur fram í svörum við Veit ekki / Vil ekki svara, þar sem 29% stráka og 37% stelpna í 8. – 10. bekk merkja við það, en hlutfallið er mun lægra í framhaldsskóla eða 14 – 19%. Notkun X/Twitter er algengari meðal framhaldsskólanema, 27 – 28% en 15 – 22% hjá

Mynd 2.7. Hvar á netinu hefur þú horft a klám?

Birtingarskilyrði: Að hafa horft á klám.
Fjölvalsspurning



yngri hópnum. Leitarvélar og TikTok er einnig notað, þó í minna mæli og lækka hlutföllin þegar ofar dregur í aldri. Aðrar leiðir til klámáhorfs svo sem YouTube, spjallforrit með myndböndum, Instagram og Snapchat eru notaðar af mun færri en hlutföllin eru að jafnaði undir 10% í báðum aldurshópum.

Hvar á netinu hefur þú séð auglýsingar um klám?

„BARA STUNDUM KOMA AUGLYSINGAR ÞEGAR MAÐUR ER BARA AÐ SPILA SAKLAUSA TÖLVULEIKI I SIMANUM“



FJÖLMIÐLANEFND



MENNTAVÍSINDASTOFNUN